

Draugagangur og umhyggja

Að fjallgöngu lokinni

Skólafélagarnir og kollegarnir fjórir höfðu lokið göngu um Síldarmannagötur frá Botnsdal yfir í Skorradal. Gangan þótti fremur létt og móttökurnar í Skorradal voru höfðinglegar. Þegar sest var að veisluborði barst talið að brennslu hitaeininga á göngu sem þessari og hvort maður bætti á sig grömmum eður ei þegar upp væri staðið. Þá heyrðist í Sveini: „Mér finnast kaloríur vondar og spýti þeim alltaf út úr mér.“

Draugagangur

Á hverju kvöldi kom Friðrik heim með kippu af bjór og tæmdi allar dósirnar sex á meðan hann horfði á sjónvarpið. Kvöld eitt þegar hann var að tæma síðustu dósina sá hann tveggja metra draug koma askvaðandi í gegnum útidyrnar sem kýldi hann fyrirvaralaust í magann. Síðan hvarf draugurinn á brott út um eldhúsgluggann. Næsta kvöld var Friðrik að ljúka við annan bjórinn þegar honum birtist draugurinn á ný og áður en maðurinn vissi af fékk hann bylmingshögg í hausinn. Eftir þessa reynslu hætti Friðrik að drekka. Engu að síður kom draugurinn þriðja kvöldið og nefbraut Friðrik.

Daginn eftir kom Friðrik á stofu til heimilislæknisins og sagði farir sínar ekki sléttar.

„Hvað get ég gert?“ spurði Friðrik.

„Það er víst ekki neitt við þessu að gera,“ sagði læknirinn. „Þessi draugur er víst alveg einstaklega leiðinlegur.“

Umhyggja eftir aðgerð

Ungur maður lagðist inn á skurðeild til minni háttar aðgerðar. Daginn eftir leit kunningi hans við á deildinni til að athuga hvernig sjúklingnum farnaðist. Vinurinn var aldeilis forviða að sjá hverja konuna eftir aðra, bæði lækna og hjúkku, koma að rúmi sjúklingsins og spyrja hvernig hann hefði það og hvort hann þarfnæðist einhvers.


„Þetta er nú meiri umhyggjan sem þú færð,“ sagði vinurinn. „Það er ekki að sjá að það ami neitt að þér.“

„Ég veit,“ sagði sjúklingurinn, „en þetta er búið að vera svona frá því ég sagði einni hjúkkunni að það hefði þurft að sauma tuttuguogsjö spor eftir að ég var umskorinn.“

Illa brugðió

Kona nokkur sem var einstaklega mikil um sig og þykk undir húð hringdi á leigubíl og bað hann að

koma fljótt. Veðrið var sérdeilis napurt þennan dag og konan því vel dúðuð. Þegar bíllinn birtist gekk hún hröðum skrefum í áttina að honum og sagði: „Góðan daginn. Fæðingardeild Landspítalans alveg í hveli.“ Leigubílstjóranum var illa brugðið og konan komst ekki hjá því að sjá hvernig hann fölnaði upp og ók sér í sætinu. „Hafðu engar áhyggjur, vinur, ég er bara orðin of sein í vinnuna.“



Bjarni Jónsson

Bjarni.Jonasson@hg.is

Á bakið

Sjúklingurinn var orðinn langþreyttur á þjónustu spítalans og kvartaði við lækinn. „Ég hata þennan stað,“ sagði maðurinn. „Það er alltaf farið með mann eins og hund.“ „Það er nú ekki rétt hjá þér,“ sagði læknirinn. „Svona, veltu þér nú á bakið.“

Pláss fyrir plástur

Tveimur vikum eftir að sjúklingurinn útskrifaðist af hjartadeildinni mætti hann í endurkomu til hjartalæknisins. „Þetta er orðið hálfgerð bras hjá mér með plásturinn sem hjúkkan ráðlagði mér að líma á mig á sex klukkustunda fresti þegar hún útskrifaði mig um daginn.“ „Og hvert er þá vandamálið?“ spurði læknirinn. „Ég er kominn með svo marga plástra að það er orðið lítið pláss fyrir fleiri.“

Gamall karl

Kona gekk að smávöxnum ellilegum manni sem sat á bekk í almenningsgarði. „Ég kemst ekki hjá því að taka eftir því hversu glaður þú ert á svipinn,“ sagði konan. „Hvert er eiginlega leyndarmálið á bak við svona langt og gefandi líf?“

„Ég reyki þrjá pakka af sígarettum á dag, drekk sex flöskur af vodka á viku, borða ruslfæði og hreyfi mig aldrei nema ég megi til,“ sagði maðurinn.

„Þetta er með ólfkindum,“ sagði konan alveg forviða. „Og hvað ertu svo gamall?“

„Tuttuguogsex ára.“

Þrjóskur eiginmaður

„Maðurinn minn er svo þrjóskur,“ sagði eiginkonan við nágrannakonu sína, „að hann fór ekki til tannlæknis fyrr en hann var orðinn fimmtíu og þriggja ára gamall.“

„Hvað varð eiginlega þess valdandi að hann fór þá til tannlæknisins?“ spurði nágrannakonan.

„Hann var kominn með svo margar holur að það heyrðist bergmál þegar hann talaði.“